

AUGLÝSING

um friðlýsingu Fjaðrárgljúfurs í Skaftárhreppi.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur, að tillögu Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, og með samþykki Skaftárhrepps og landeigenda á Heiði ákveðið að friðlýsa Fjaðrárgljúfur sem náttúruvætti í samræmi við 48. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Fjaðrárgljúfur er um 1,5 km á lengd og mesta dýpt um 100 m. Það er gott dæmi um virk ferli landmótunar sem hófst í lok síðustu ísaldar fyrir um 10.000 árum og er enn í gangi. Ofan við Fjaðrárgljúfur eru malarhjallar sem benda til þess að jökullón hafi myndast fyrir framan hörfandi jökul og vegna fyrirstöðu sem lá efst í núverandi gljúfri. Lónið hefur fyllst tiltölulega fljótt upp af framburði, en vatnsmiklar og aurugar jökulár áttu síðar auðvelt með að rjúfa sér farveg í undirliggjandi berggrunn úr móbergi. Innst í Fjaðrárgljúfri eru fossar og þó að Fjaðrá sé mun kraftminni en vatnsmiklu jökulárnar í lok ísaldar, þá er landmótun gljúfursins enn í gangi.

Fjaðrárgljúfur hefur mikið rannsókn- og fræðslugildi er varðar virka landmótun, þar er gott aðgengi og er svæðið vinsæll áningarstaður ferðamanna.

Friðlýsingin samræmist verndarmarkmiðum b- og c-liðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Við ákvörðun um friðlýsingu var höfð hliðsjón af samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C nr. 17/1993) og landslagssamningi Evrópu (Flórens 2000, sbr. Stjórnartíðindi C nr. 53/2021).

Hið friðlýsta svæði er 0,15 km².

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið með friðlýsingu Fjaðrárgljúfurs sem náttúruvættis er að vernda gróður og sérstætt landslag, jarðmyndanir, vatnsfarveg og fossa. Gljúfrið hefur mikið fræðslugildi, er vinsæll viðkomustaður ferðamanna og útivistarsvæði.

Með vernduninni skal tryggt að jarðminjum og ásýnd svæðisins verði ekki spillt og einkenni þess og sérkenni varðveitt þar sem svæðið er sérstætt á landsvísi. Hið verndaða svæði er varðveitt til náttúruupplifunar fyrir almenning og er kappkostað að sem flestum verði gert fært að njóta svæðisins án þess að skerða náttúruverðmæti og/eða upplifun annarra útivistarhópa.

Í heild hefur svæðið hátt vísindalegt gildi og verður kappkostað að viðhalda því og gera vísindamönnum kleift að rannsaka náttúruminjar svæðisins.

3. gr.

Mörk náttúruvættisins.

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á hnitsettu korti í viðauka við auglýsingu þessa. Verndun nær yfir þann hluta Fjaðrárgljúfurs sem er í landi Heiðar en mörk svæðisins til vesturs markast af landamerkjum Holts I og II. Nánari landupplýsingar, m.a. hnit, má nálgast hjá Umhverfisstofnun.

4. gr.

Umsjón með náttúruvættinu.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með verndarsvæðinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun getur falið einstaklingum, sveitarfélögum eða öðrum lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæðisins, sbr. 85. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umsjónarsamningur skal unninn í samráði við sveitarfélag og rétthafa lands.

Samstarfsnefnd um málefni friðlýsta svæðisins skal skipuð fulltrúum Umhverfisstofnunar, sveitarfélagsins og landeigenda á Heiði. Fulltrúi Umhverfisstofnunar skal vera formaður. Hlutverk samstarfsnefndar er að stuðla að því að verndargildi svæðisins haldist ásamt því að fjalla um uppbygg-

ingaráætlun innviða og stefnumótun fyrir rekstur á verndarsvæðinu s.s. landvörslu, samvinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt endurskoðun og breytingum á henni og önnur stefnumótandi mál er varða friðlýsta svæðið. Skipunartími nefndarinnar er sá sami og kjörtímabil sveitarstjórna. Samstarfsnefnd skal funda eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

5. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið í samvinnu við landeigendur, Skaftárhrepp, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila, sbr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaradgerðir og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks, reiðleiðir og flug fjarstýrðra loftfara.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

6. gr.

Umferð um náttúruvættið.

Almenningi er heimil för um náttúruvættið en skylt er að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglum sem gilda. Gestir svæðisins skulu fylgja gönguleiðum á svæðinu í hvívetna.

Óheimilt er að hafa lausa hunda í náttúruvættinu, nema þjónustuhunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns, sbr. samþykkt um hunda- og kattahald í Skaftárhreppi.

Umferð riðandi manna er óheimil innan náttúruvættisins.

Umferð hjólandi manna er heimil á skilgreindum hjólreiðaleiðum. Þó er heimilt að leiða reiðhjól um gönguleiðir innan náttúruvættisins. Hjólreiðaleiðir skulu skilgreindar í stjórnunar- og verndaráætlun.

Þeim sem stunda veiðar á svæðinu, sbr. 14. gr., er heimilt að ganga utan gönguleiða við veiðar.

7. gr.

Dvöl og umgengi í náttúruvættinu.

Nætgisting innan náttúruvættisins er óheimil.

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan verndarsvæðisins og skal allur úrgangur tekinn með út af svæðinu.

8. gr.

Rannsóknir og vöktun.

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun á verndarsvæðinu, sbr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar.

Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og lögbundnar rannsóknir fagstofnana sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Skýrslur um niðurstöður rannsókna og vöktunar skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun.

Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

9. gr.

Fræðsla.

Umhverfisstofnun, eða eftir atvikum umsjónaraðili í samráði við Umhverfisstofnun, hefur yfirsýningu með gerð fræðsluefnis um náttúruvættið í því skyni að efla vitund almennings á mikilvægi verndunar svæðisins. Tryggja skal aðgengi almennings að upplýsingum og fræðsluefni um náttúruvættið og reglum sem um það gilda.

Nánar skal fjallað um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun.

10. gr.

Verndun gróðurs og jarðminja.

Óheimilt er að raska gróðri og hrófla við jarðminjum á friðlýsta svæðinu. Öll nýting á svæðinu skal vera sjálfbær og taka mið af varðveislu landslags og jarðminja. Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum innan náttúruvættisins, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi getur Umhverfisstofnun veitt leyfi fyrir framkvæmdum og/eða starfsemi skv. 12. gr. og 13. gr.

Nánar skal fjallað um verndun, fyrirbyggjandi aðgerðir og upprætingu framandi lífvera í stjórnunar- og verndaráætlun.

11. gr.

Verndun menningarminja.

Um menningarminjar og vernd þeirra fer skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

12. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Allar framkvæmdir sem geta haft í för með sér rask, sbr. 10. gr., þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan verndarsvæðisins, eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, leyfi sveitarfélagsins, sbr. skipulagslög, nr. 123/2010, og lög um mannvirki, nr. 160/2010, leyfi landeigenda og eftir atvikum öðrum lögum sem við kunna að eiga.

Uppbygging innviða og nýting á svæðinu skal fara eftir stjórnunar- og verndaráætlun.

13. gr.

Tímabundin starfsemi innan svæðisins.

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem geta haft í för með sér rask, sbr. 10 gr., eða kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan náttúruvættisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða og samkomuhalds.

Nánar skal fjallað um skipulagða viðburði og verkefni í stjórnunar- og verndaráætlun.

14. gr.

Veiði og notkun skotvopna.

Veiðar eru heimilar á svæðinu í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

15. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn friðlýsingunni fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

16. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið hefur verið staðfest hefur Umhverfisstofnun heimild til að veita leyfi til framkvæmda gangi þær ekki gegn auglýsingu þessari og hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 11. maí 2024.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Stefán Guðmundsson.

VIÐAUKI
Kort af friðlýsta svæðinu.



	Fjaðrárgljúfur	Mörk náttúruvættis	Flatarmáli: 0,15 km ²
			Kortavörpun: Lambert keiluvörpun
			Hnitstaða: ISN93
			Kortagerð: Ingiljörg M. Bjarnadóttir Umhverfisstofnun, dags. 2.5.2024